

# Fundargerð

## Samráðsfundur Umhverfisstofnunar og aðila í ferðapjónustu á Vestfjörðum og Markaðsstofu Vestfjarða vegna vinnu við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Dynjanda

Fundurinn var haldinn á Teams, mánudaginn 5. febrúar 2024 kl. 13:00-14:15

**Þátttakendur á fundinum voru:** Auður Steinberg f.h. Westfjords Adventures, Bergljót Tulinius Gunnlaugsdóttir f.h. Westfjord Explorations, Emil Ingi Emilsson f.h. Ferðafélags Ísfirðinga, Guðmundur Valdimarsson f.h. Iceland Backcountry Travel, Jón Auðun Auðunarson og Karlotta Markan f.h. Vesturferða, Sölvi Guðmundsson f.h. Markaðsstofu Vestfjarða, Guðmundur Rafn Kristjánsson f.h. Ísafjarðarbæjar, Ása Margrét Einarsdóttir f.h. landeiganda, Inga Sóley Kristjónudóttir f.h. Minjastofnunar, Edda Kristín Eiríksdóttir og Sigrún Valgarðsdóttir f.h. Umhverfisstofnunar.

### Fundarefni

- Um stjórnunar- og verndaráætlanir
- Að fræðast af fagaðilum, hlusta á mismunandi sjónarmið og miðla upplýsingum á báða bóga
- Önnur mál og umræður

### Fundargerð

#### 1. Um stjórnunar- og verndaráætlanir

Edda Kristín kynnti vinnuna við stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Dynjanda, reifaði helstu álagsvalda og þá þætti sem samstarfshópurinn telur að þurfi að ávarpa í áætluninni.

Sigrún kynnti tilgang með stjórnunar- og verndaráætlunum, vinnuferlið og áætlaða tímaspönn verkefnisins.

#### 2. Fróðleikur og sjónarmið

Góðar og gagnlegar umræður voru á fundinum. Það sem einkum bar á góma var:

- Göngustígurinn.** Mat ferðapjóna er að göngustígurinn ofan efri útsýnispalls sé ekki nógu öruggur, og jafnvel hættulegur eldra fólki. Edda upplýsti um að framkvæmdir væru hafnar við uppsetningu þriggja útsýnispalla til viðbótar við þá tvo sem fyrir eru og hluti göngustígs yrði lagfærður sem hluti af þeirri framkvæmd. Stefnt væri að því að ráðast í lagfæringar á því sem út af stendur, þ.m.t. á versta hluta stígsins þar sem reglulega flæðir en fjármögnun og lokaútfærsla hönnunar væri ekki í höfn. Þetta verður sett sem tímasett aðgerð í aðgerðaáætlun verndaráætlunar.
- Salernin.** Fram kom að á mestu álagstímunum væri fjöldi salerna ekki nægur og að langar biðraðir mynduðust. Sú hugmynd kom að e.t.v. væri hægt að létta á álaginu með því að gera opna aðstöðu fyrir karla eins og víða tíðkast.

Edda upplýsti að framkvæmdir séu háðar ástandsmati svæða, og úthlutun samkvæmt Landsáætlun til uppbyggingu innviða, náttúrverndar og annarra verkefna á ferðamannastöðum. Þegar hefur verið úthlutað fyrir árið 2024.

- Álagspunktar.** Athygli var vakin á að mikið álag myndast á skömmum tíma þegar skemmtiferðaskip eru í höfn á Ísafirði. Umræður voru um hvort samtal milli ferðapjóna um skipulag hópferða gætu létt á álaginu m.t.t. áningastaða. Markaðsstofa Vestfjarða hefur haft frumkvæði að því samtali.
- Aðkoma frá sjó.** Fundarfólk var fylgjandi því að bryggja fyrir léttabáta yrði byggð, þannig að auðveldar væri hægt að koma við stýringu gesta frá sjó. Umræða fór fram um þyrluflug við Dynjanda og áhrif þess á aðra gesti, einkum í tengslum við þyrlur sem fylgja skemmtiferðaskipum sem varpa akkeri á Dynjandisvogi.
- Matar- og söluvagnar.** Ferðapjónar voru almennt sammála um að matar- eða söluvagnar væru ekki við hæfi við Dynjanda.
- Skilti og fræðsla.** Rætt var um að gera mætti menningu og sögu jarðarinnar Dynjandi hærra undir höfði á skiltum og með fræðslu.

### Næstu skref.

- Þau sjónarmið sem komu fram á fundinum verða tekin til umfjöllunar í samstarfshópi um áætlunina.

- Rætt verður við Samgöngustofu um skemmtiferðaskip og því sem þeim fylgir s.s. flug þyrlna beint frá þyrlupöllum skipanna.

